

Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu hjá Grindavíkurbæ samkvæmt heimild í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Almennt gjald

Gjald fyrir þrif og aðstoð við aðdrætti er **1.096 krónur fyrir hvern unninn tíma**. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en þriggja tíma aðstoð vikulega. Þjónusta umfram það er gjaldfrjál. Gjaldið er bundið fjárhæð ellilífeyris eins og hann er ákvarðaður af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins hverju sinni og miðast við 3% af ellilífeyri (*nú kr. 39.862,-*)

Önnur félagsleg heimaþjónusta er gjaldfrjál

Innheimta

Greiðsluseðlar fyrir ofangreinda þjónustu eru sendir notendum mánaðarlega, í upphafi næsta mánaðar eftir að þjónustan er innt af hendi.

Niðurfelling gjalds

Þeir sem eru eingöngu með tekjur frá Tryggingastofnun Ríkisins, eða samsvarandi tekjur, eiga rétt á að *sækja um niðurfellingu á gjaldi*. Viðmiðunarupphæðir taka breytingum í samræmi við breytingar á bótum almannatrygginga. Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um niðurfellingu gjalds og tekjuupplýsingum. Kjósi notendur af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald.

Tekjumörk árið 2016

Við ákvörðun tekjumarka fyrir árið 2016, er miðað við framfærsluviðmið Tryggingastofnunar ríkisins í janúar 2016 sem er 246.902 kr. á mánuði fyrir þá sem búa einir og 425.552 fyrir hjón/sambúðarfólk. Einstaklingar/hjón með tekjur undir þessum mörkum eiga rétt á niðurfellingu gjalds.